ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun 2026 – 2027

Leiklist, 5. bekkur

Kennari/ar

Nafn: Ingi Þór Þórhallsson
Netfang: ingi.thor.thorhallsson@reykjavik.is

Lýsing

5 kennslustundir á viku

Markmið / inntak

Hvað ætlum við að læra? (skýr og hnitmiðuð, lýsing á vægi greinasviða / flokka í vitnisburði);

Náms- og matsþættir í greininni (vægi þátta)

Í sviðslistum í 5. bekk er lögð áhersla á að nemendur öðlist öryggi í skapandi tjáningu og þori að stíga út fyrir þægindarammann í öruggu og hvetjandi umhverfi. Unnið er markvisst að því að byggja upp traust innan hópsins og skapa aðstæður þar sem nemendur geta prófað sig áfram án ótta við að gera mistök.

Nemendur kynnast grunnþáttum leiklistar með áherslu á líkams- og raddbeitingu, spuna, hlutverkaleiki, samvinnu og einföld leikræn verkefni. Upphitun líkama og raddar er reglulegur hluti kennslunnar og nemendur fá þjálfun í einbeitingu, líkamsvitund og tjáningu.

Leikir eru notaðir markvisst til að efla traust, samstarf, ímyndunarafl og skapandi hugsun. Nemendur vinna einnig í litlum hópum að stuttum leikþáttum og spunaverkefnum þar sem þeir æfa sig í að hlusta, bregðast við og byggja áfram á hugmyndum annarra.

Áhersla er lögð á að nemendur:

- Taki virkan þátt í upphitunaræfingum fyrir líkama og rödd,
- Taki þátt í samvinnuleikjum sem efla traust og hópstemningu,
- Beiti spuna og hlutverkaleikjum til að örva ímyndunarafl og skapandi hugsun,
- Vinni með öðrum að stuttum leikþáttum og spunaverkefnum,
- Þori að prófa sig áfram í skapandi tjáningu,
- Sýni virðingu fyrir vinnu og sköpun annarra.

Náms- og matsþættir:

Sköpun og spuni – 35%

Tjáning og leikræn færni – 30%

Samvinna, þátttaka og vinnubrögð – 35%

Námsefni

Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Ekki er stuðst við eina ákveðna námsbók. Unnið er með fjölbreyttar leiklistaræfingar og verkefni frá kennara. Notaðir eru meðal annars leiklistar- og samvinnuleikir, spuna- og hlutverkaverkefni, sögur, myndir, tónlist og stuttir textar sem kveikjur að skapandi vinnu. Einnig eru nýttir leikmunir, búningar og einfaldur sviðsbúnaður eftir því sem við á.

Kennsluaðferðir

Hvernig og hvað er unnið í kennslustundum / tímabilum, lotunum

Kennslan er fyrst og fremst verkleg og byggir á virkri þátttöku nemenda. Kennslustundir hefjast reglulega á upphitun líkama, raddar og einbeitingar.

Unnið er með samvinnuleiki, hreyfingu, spuna, hlutverkaleiki og einföld leikræn verkefni. Nemendur vinna bæði sem einstaklingar, í pörum og í litlum hópum.

Kennari leggur sérstaka áherslu á að skapa öruggt námsumhverfi þar sem nemendur fá svigrúm til að prófa hugmyndir, gera tilraunir og læra af mistökum.

Námsmat

Hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Námsmat er símat og byggir á þátttöku nemenda, vinnuferli og framförum yfir námstímabilið.

Horft er meðal annars til:

- Þátttöku og virkni í kennslustundum,
- vilja til að prófa sig áfram,
- samvinnu og samskipta,
- hæfni til að hlusta og byggja á hugmyndum annarra,
- notkunar á rödd og líkama í leikrænni tjáningu,
- skapandi hugsunar og ímyndunarafls,
- virðingar fyrir vinnu og sköpun annarra.

Áhersla er lögð á ferlið og framfarir hvers nemanda fremur en leikræna frammistöðu eina og sér.

Námslotur

Öryggi, traust og hópur
Hópefli, samvinnuleikir, einbeiting, hlustun og traust.

Líkami, rödd og tjáning
Upphitun, líkamsvitund, raddbeiting, hreyfing og tjáning.

Spuni og ímyndunarafl
Spunaleikir, hlutverkaleikir og verkefni sem byggja á skapandi hugsun.

Sköpun í hópi
Nemendur vinna saman að stuttum leikþáttum eða spunaverkefnum og byggja sameiginlega upp einfalda sögu.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá **(listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)**

Nemandi geti:

- nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu
- beitt fleiri en einu formi leiklistar
- skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu
- sýnt viðeigandi hegðun og borið virðingu fyrir vinnu annarra sem áhorfandi í skólastarfi, á sýningum eða leiklistarviðburðum
- nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar

---